L&S no 41 5.11.2004 14:07 Page 1

Land&synir

STOFNAÐ 1995 • WWW.LOGS.IS • NR. 41 • SEINNA HEFTI 2004 • 2. TBL. 10. ÁRG.



Tilnefningar 2004

Heiðursverðlaunahafinn

Allt um hátíðina

Kosningarnar

Væntanlegar myndir

14. nóvember
HÓTEL NORDICA

EDDA 2004
ÍSLENSKU KVIKMYNDA- OG SJÓNVARPSVERÐLAUNIN

Munið kosningarnar 9.-13. nóvember hjá Kvikmyndamiðstöð Túngötu 14 og á visi.is

L&S no 41 5.11.2004 14:07 Page 2

Við óskum íslenska
kvikmynda- og sjónvarpsgeiranum
hjartanlega til hamingju
með Edduverðlaunin
og hlökkum til
áframhaldandi
samstarfs.



MYNDBANDAVINNSLAN

Hátuni 6b 105 Reykjavík Sími 562 1026 Fax 562 2630 mbv@mbv.is

L&S no 41 5.11.2004 14:07 Page 3

Land&synir

Nr. 41 - 2. tbl. 10. árg.
SEINNA HEFTI 2004

Útgefandi:
Íslenska kvikmynda- og sjónvarpsakademían ehf., Túngötu 14, 101 Reykjavík. Með stuðningi Kvikmyndamiðstöðvar Íslands, Skjás eins, Stöðvar tvö og Ríkisútvarpsins-sjónvarps.

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:
Ásgrímur Sverrisson.

Ritnefnd:
Anna Th. Rögnvaldsdóttir, Ari Alexander Ergis Magnússon, Ari Kristinsson, Björn Brynjúlfur Björnsson, Elísabet Rónaldsdóttir, Haukur Hauksson, Haukur Már Helgason, Jón Atli Jónasson, Kristín Atladóttir, Ólafur H. Torfason, Páll Baldvin Baldvinsson, Ragnar Bragason, Sigríður Pétursdóttir, Þorkell Ágúst Óttarsson, Þorvaldur Þorsteinsson og Þorsteinn J. Vilhjálmsson.

Prentun:
Íslandsprent.

Land & synir kemur út tvisvar á ári, vor og haust. Því er dreift til allra meðlima Íslensku kvikmynda- og sjónvarpsakademíunnar, auk valdra aðila í stjórnkerfinu, menningargeiranum og fjölmiðlum.

Netfang ritstjóra:
asgrimur@asgrimur.is

Vefur:
www.logs.is

STJÓRNIR FÉLAGANNA:

STJÓRN ÍSLENSKU KVIKMYNDA- OG SJÓNVARPSAKADEMÍUNNAR:
Formaður: Kristín Atladóttir. *Gjaldkeri:* Jón Karl Helgason. *Ritari:* Sveinn M. Sveinsson. *Meðstjórnendur:* Björn Br. Björnsson, Ásgrímur Sverrisson, Laufey Guðjónsdóttir.

STJÓRN FÉLAGS KVIKMYNDAGERÐARMANNA:
Formaður: Björn Br. Björnsson. *Varaformaður:* Jón Karl Helgason. *Ritari:* Kristín Erna Arnardóttir. *Gjaldkeri:* Katrín Ingvadóttir. *Meðstjórnendur:* Anna Dís Ólafsdóttir, Ingvar Á. Þórisson, Hjálmtýr Heiðdal. *Varamenn:* Kristín María Ingimarsdóttir, Hildur Bruun.

STJÓRN FRAMLEIÐENDAFÉLAGSINS SÍK:
Formaður: Baltasar Kormákur. *Ritari:* Skúli Malmquist. *Gjaldkeri*: Kristín Atladóttir. *Meðstjórnendur*: Friðrik Þór Friðriksson og Páll Baldvin Baldvinsson. *Varamenn*: Hjálmtýr Heiðdal og Ásthildur Kjartansdóttir.

STJÓRN SAMTAKA KVIKMYNDALEIKSTJÓRA:
Formaður: Hilmar Oddsson. *Gjaldkeri*: Óskar Jónasson. *Ritari*: Friðrik Þór Friðriksson. *Varamenn*: Hrafn Gunnlaugsson, Kristín Jóhannesdóttir, Jón Tryggvason.

www.logs.is



Edduverðlaunin 2004 veitt þann 14. nóvember á Hótel Nordica

Nú líður að Eddu, hinni árlegu uppskeruhátíð íslenska kvikmynda- og sjónvarpsgeirans. Verðlaunaafhendingin fer fram á Hótel Nordica við Suðurlandsbraut sunnudaginn 14. nóvember næstkomandi og mun Sjónvarpið senda beint út frá hátíðinni líkt og venja er.

Eins og ávallt verður Eddan í ár stjörnum prýdd og gestir munu skarta sínu fegursta að utan sem innan, enda spariklæðnaður og hátíðarskap hvorutveggja áskilið.

Athöfnin mun taka um eina og hálfa klukkustund en strax á eftir verður efnt til fagnaðar á sama stað, þar sem verðlaunahafar og aðrir gestir njóta kvöldsins við tónlist og ljúfar veitingar.

Kosningar 9.-13. nóvember og á vísi.is

Kosið er um tilnefningar til Eddu 2004 dagana **9.-13. nóvember**. Rétt til að kjósa hafa þeir sem eru á kjörskrá Íslensku kvikmynda- og sjónvarpsakademíunnar.

Kosningar fara fram á skrifstofu Kvikmyndamiðstöðvar Íslands, Túngötu 14 í Reykjavík. Kjörstaður er opin frá 10-18 þessa daga. Jafnframt geta þeir sem eru á kjörskrá en komast ekki á kjörfund af einhverjum ástæðum, kosið utan kjörstaðar með sérstökum atkvæðaseðlum sem fást hjá Kvikmyndamiðstöð. Utankjörstaðaatkvæði þurfa að hafa borist fyrir kl. 14 laugardaginn 13. nóvember.

Almenningur á þess einnig kost að kjósa um tilnefningarnar á **www.visir.is**. Vægi almennings í kosningunni vegur 30% á móti 70% vægi akademíunnar.

Ert þú á kjörskrá?

Á vef Lands & sona, www.logs.is, getur þú séð hvort þú ert á kjörskrá. Sértu þar ekki en telur þig eiga að vera þar getur þú sent inn kæru. Á sama hátt getur þú farið og kosið og verður þá farið með atkvæði þitt líkt og utankjörstaðaatkvæði. Allar nánari upplýsingar fást á www.logs.is undir "Edda".


L&S no 41 5.11.2004 14:07 Page 4

PÁLL STEINGRÍMSSON ER HANDHAFI HEIÐURSVERÐLAUNA ÍSLENSKU KVIKMYNDA- OG SJÓNVARPSAKADEMÍUNNAR 2004

Maður með myndavél

Páll Steingrímsson er fæddur í Vestmannaeyjum árið 1930, en þar stofnaði hann og rak myndlistarskóla í mörg ár áður en hann hóf kvikmyndanám. Páll var einn af stofnendum Félags kvikmyndagerðarmanna árið 1966 og formaður þess um tíma. Hann lauk prófi frá Kennaraskóla Íslands 1951 og síðar nam hann bókmenntir og líffræði við Kennaraháskólann í Kaupmannahöfn, auk þess sem hann lagði stund á myndlistarnám við Konunglegu dönsku myndlistarakademíuna. Um jólin 1972 útskrifaðist hann frá kvikmyndadeild New York University, þá kominn vel yfir fertugt.

Í upphafi árs 1973 stofnaði hann Kvik sf. ásamt Ernst Kettler og Ásgeiri Long. Þeir félagarnir höfðu aðeins unnið saman í fáeina daga þegar Heimaey tekur upp á því að gjósa eftir 5000 ára hlé. Erlend fréttastofa fékk þá til að mynda gosið og eftirlét þeim síðan allt efni sem ekki fór í útsendingu. Úr þessum afgöngum bjuggu þeir til heimildarmyndina "Eldeyjan" ("Days of Destruction"), sem síðar sama ár hlaut gullverðlaun í keppni 170 heimildarmynda á kvikmyndahátíðinni í Atlanta í Bandaríkjunum. Stuttu síðar fékk hún einnig verðlaun í kvikmyndaborginni Hollywood.



Páll Steingrímsson ásamt Friðþjófi Helgasyni við tökur í Afríkuríkinu Senegal.

Eftir þessa bröttu innkomu Páls í kvikmyndagerðina hélt hann áfram rekstri Kvik ásamt samstarfsmönnum sínum og varð fyrirtækið umfangsmikið á sviði auglýsingamynda fyrir sjónvarp á áttunda áratugnum og fram á þann níunda. Jafnframt þessu lagði Páll áherslu á gerð heimildarmynda með áherslu á náttúru, dýralíf og umhverfi auk fræðslumynda fyrir ýmsa opinbera aðila.

Frá miðjum níunda áratugnum hefur Páll að mestu einbeitt sér að gerð heimildarmynda um fyrrgreind efni. Alls fylla myndir hans rúmlega hálft hundrað og hafa margar þeirra verið verðlaunaðar og sýndar um veröld víða. Meðal helstu mynda hans auk "Eldeyjunnar" má nefna "Hvalakyn og hvalveiðar við Ísland" (1988) þar sem fjallað er um viðfangsefnið frá sjónarhóli sögu og vísinda; "Oddaflug" (1993), um fimm tegundir gæsa sem eiga haust- og vordvöl á Íslandi; "Nábúar, æður og maður" (1995), um samskipti æðarfugla og manna og hvernig báðir hafa hag af; "Litli bróðir í norðri" (1996), um lífshlaup lundans og samskipti hans við manninn fyrr og nú; "Ísaldarhesturinn" (2001), um einangrun og þróun íslenska hestsins og "Öræfakyrrð" ("World of Solitude" – 2004), um virkjanaframkvæmdirnar við Kárahnjúka og áhrif þeirra á náttúruna. Hina síðastnefndu gerði hann í samvinnu við Magnús Magnússon sjónvarpsmann og annan heiðursverðlaunahafa Íslensku kvikmynda- og sjónvarpsakademíunnar. Myndin er jafnframt tilnefnd til Edduverðlauna í flokki heimildarmynda í ár.

Önnur forvitnileg mynd í sarpi Páls er sjónvarpsmyndin "Sesselja" (1983), sem hann framleiddi og myndaði. Sesselja byggði á handriti Agnars Þórðarsonar og var leikstýrt af Helga Skúlasyni. Með aðalhlutverk fóru Helga Bachman og Þorsteinn Gunnarsson. Myndin var sýnd í Sjónvarpinu sem og á ríkisstöðvum á Norðurlöndum á sínum tíma.

Hinn síungi Páll Steingrímsson er enn í fullu fjöri í kvikmyndagerðinni og vinnur um þessar mundir að heimildarmynd um Jóhannes Kjarval.

Árið 1997 birti Land & synir (nr. 8, jan.-feb.) ítarlegt viðtal Erlends Sveinssonar við Pál. Í upphafi viðtalsins dregur Erlendur upp eftirminnilega lýsingu á manninum með myndavélina:

"Þegar Páli Steingrímssyni gafst í fyrsta skiptið kostur á að kynna heimildarmyndir eftir sig á erlendri grund, sem var í Amsterdam í desembermánuði árið 1993, greip hann til þess ísmeygilega ráðs að mæta í salinn með úttroðna öskju af æðardúni. Askja þessi var ekki stærri en svo að hann gat haft hana í buxnavasanum, þangað til röðin var komin að honum.

Hann hafði fáeinar mínútur til ráðstöfunar til þess að fanga athygli dagskrárstjóranna, sem sátu bakvið langborð í öðrum enda salarins í einhvers konar rannsóknarréttarstellingum. Hann byrjaði á að tala í tvær mínútur en síðan greip hann til öskjunnar.

Mennirnir við langborðið störðu á þennan silfurhærða Íslending, ættaðan úr Vestmannaeyjum, handfjatla öskjuna, opna hana síðan en við það byrjaði æðardúnninn að þenjast út. Þanið var svo mikið að seinast hvarf Páll sjónum jöfranna á bak við brúskinn. Fólki í salnum var skemmt og bros færðist yfir andlit stórlaxanna. Galdurinn virkaði.

Þetta var fyrri þáttur af tveimur og lýsir tiltekið Páli betur en flest annað. Hann hafði auk þess mætt til leiks með uppstoppað geysifallegt æðarfuglapar undir grænum silkidúk og lyfti nú dúknum varlega ofan af fuglunum og kom þá þessi yndislega mynd í ljós.

Að þessari kynningu lokinni tókust forsölur á mynd Páls um æðarfuglana. Hann var þarna 10. desember og 30. desember var hann búinn að fá peninga í vasann frá aðilum sem tóku ákvörðun um að kaupa myndina fyrirfram. Það líða ekki nema tvær eða þrjár vikur þangað til hann er búinn að fá peninga til að spila úr. "Ég hafði þá aldrei haft peninga til að gera mynd" segir Páll. "Ég hef alltaf ráðist í mínar myndir upp á von og óvon og það venjulega af því að mig hefur langað svo mikið að gera þær. Og þá hefur enginn hlutur almennilega getað stöðvað mig. Þau verk sem ég hef ráðist í hafa verið á mínu áhugasviði, oft hef ég kostað miklu til en aldrei spurt að leikslokum."



Spaugstofan ⋆ Skemmtiþáttur ársins í sjónvarpi ⋆ Tilnefning

TIL HAMINGJU!

Í brennidepli ⋆ Sjónvarpsþáttur ársins ⋆ Tilnefning



SJÓNVARPIÐ

L&S no 41 5.11.2004 14:07 Page 6

Aðstandendur Eddu 2004

Stjórn ÍKSA
Kristín Atladóttir, formaður
Ásgrímur Sverrisson
Björn Brynjúlfur Björnsson
Jón Karl Helgason
Laufey Guðjónsdóttir

Framkvæmdastjórn Eddu 2004:
Storm ehf.

Stjórn útsendingar:
Egill Eðvarðsson

Listrænn stjórnandi:
Magnús Viðar Sigurðsson

Gestgjafar Eddu 2004:
Kristján Kristjánsson
Helga Braga Jónsdóttir

Kynnar í upphitun:
Kristján Kristjánsson
Inga Lind Karlsdóttir
Guðmundur Steingrímsson

Umsjón með framkvæmd kosninga:
Kristín Atladóttir

Kjörnefnd:
Jón Heiðar Guðmundsson, hagfræðingur
Tryggvi Agnarsson, lögmaður
Jón Atli Kristjánsson, hagfræðingur

Leikmynd:
Stígur Steinþórsson

Lýsing:
Exton/Kastljós

Hönnun kynningarefnis:
Storm ehf.

VALNEFNDIR:

Þau tilnefndu handrit og leikstjóra:
Ágúst Guðmundsson,
Agnar Jón Egilsson,
Guðný Halldórsdóttir.

Þau tilnefndu bíómyndir, stuttmyndir og leikið sjónvarpsefni:
Ólafur Torfason,
Kolbrún Jarlsdóttir,
Ásdís Thoroddsen.

Þau tilnefndu leikara:
Kristín Jóhannesdóttir,
Valgeir Skagfjörð,
Ragnheiður Skúladóttir.

Þau tilnefndu heimildarmyndir:
Ari Alexander Ergis Magnússon,
Valdimar Leifsson,
Karólína Stefánsdóttir.

Þau tilnefndu sjónvarpsþætti og skemmtiþætti:
Hákon Már Oddsson,
Þórarinn Guðnason
Anna Dís Ólafsdóttir.

Þeir tilnefndu tónlistarmyndbönd:
Styrmir Sigurðsson,
Árni Óli Ásgeirsson,
Sævar Guðmundsson.

Þau tilnefndu fagmenn:
Guðbergur Davíðsson,
Halldór Þorgeirsson,
Kristín Erna Arnardóttir.

*Verðlaunagripurinn er eftir **Magnús Tómasson** myndlistarmann og er hugmynd hans sótt í Skáldskaparmál Snorra-Eddu. Verkið sýnir Gunnlöðu og Óðinn og heldur Gunnlöð á einu kerjanna sem skáldskaparmjöðurinn var geymdur í.*

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN


EDDA 2004

Sjónvarpsþættirnir Idol-stjörnuleit, Svínasúpan og
Sjálfstætt fólk eru tilnefndir til Eddunnar 2004.
Stöð 2 leggur metnað og alúð í íslenska dagskrárgerð.

VIÐ ERUM STOLT AF OKKAR FÓLKI
Þú getur kosið á visir.is

GÓÐA SKEMMTUN!





Við kynnum til sögunnar
nýja kynslóð kvikmyndafilmu:

KODAK VISION2

VISION2 filmurnar eru
þær fyrstu sinnar tegundar
sem gerðar eru sérstaklega
fyrir bæði hefðbundna
og stafræna eftirvinnslu.

Þær bjóða uppá
enn meira þanþol,
skarpari skugga og hápunkta
og afbragðs litaskala.

VISION2 filmurnar eru einnig
sérstaklega hannaðar
til að halda eiginleikum sínum
í gegnum allt ljósopssviðið,
sem gefur enn meiri sveigjanleika
þegar komið er á eftirvinnslustigið.

Fleiri tegundir - fleiri aðferðir
til að gera þína sýn að veruleika.

HANS PETERSEN

Skeljanesi 1. 101 Reykjavík. Sími 570 7530

L&S no 41 5.11.2004 14:07 Page 9

Tilnefningar til Edduverðlauna 2004

LEIKARI/LEIKKONA ÁRSINS Í AÐALHLUTVERKI:
Áslákur Ingvarsson
fyrir Kaldaljós
Brynja Þóra Guðnadóttir
fyrir Salt
Ingvar E. Sigurðsson
fyrir Kaldaljós
Jón Sigurbjörnsson
fyrir Síðasta bæinn
Þröstur Leó Gunnarsson
fyrir Vín Hússins

LEIKARI/LEIKKONA ÁRSINS Í AUKAHLUTVERKI:
Helga Braga Jónsdóttir
fyrir Kaldaljós
Ilmur Kristjánsdóttir
fyrir Dís
Kristbjörg Kjeld
fyrir Kaldaljós
Snæfríður Ingvarsdóttir
fyrir Kaldaljós
Þórunn Erna Clausen
fyrir Dís

SKEMMTIÞÁTTUR ÁRSINS Í SJÓNVARPI:
Idol-stjörnuleit
Stöð 2
Spaugstofan
RÚV
Svínasúpan
Stöð 2

SJÓNVARPSÞÁTTUR ÁRSINS:
Sjálfstætt fólk
Stöð 2
Í brennidepli
RÚV
Fólk með Sirrý
Skjár 1

HEIMILDARMYND ÁRSINS:
Blindsker
eftir Ólaf Jóhannesson
Faux - Í þessu máli
eftir Sólveigu Anspach
Hestasaga
eftir Þorfinn Guðnason
Love is in the air
eftir Ragnar Bragason
Öræfakyrrð (World of Solitude)
eftir Pál Steingrímsson



HLJÓÐ OG MYND:
Steingrímur Þórðarson
fyrir myndvinnslu í Sjálfstæðu fólki
Sigurður Sverrir Pálsson
fyrir kvikmyndatöku á Kaldaljósi
Þorsteinn J. Vilhjálmsson
fyrir heildarframsetningu Án titils

ÚTLIT MYNDAR:
Helga Rós Hannam
fyrir búninga í Svínasúpunni
Haukur Hauksson
fyrir heildarframsetningu Í Brennidepli
Úlfur Grönvold Karlsson
fyrir leikmynd í Önnu afastelpu

HANDRIT ÁRSINS:
Huldar Breiðfjörð
fyrir Næsland
Jón Gnarr
fyrir Með mann á bakinu
Magnús Magnússon
fyrir World of Solitude

LEIKSTJÓRI ÁRSINS:
Erla B. Skúladóttir
fyrir Bjargvættinn
Hilmar Oddsson
fyrir Kaldaljós
Þorfinnur Guðnason
fyrir Hestasögu

BÍÓMYND ÁRSINS:
Dís
eftir Silju Hauksdóttur
Kaldaljós
eftir Hilmar Oddsson
Næsland
eftir Friðrik Þór Friðriksson

STUTTMYND ÁRSINS:
Bjargvættur
eftir Erlu B. Skúladóttur
Móðan
eftir JónKarl Helgason
Síðustu orð Hreggviðs
eftir Grím Hákonarson
Síðasti bærinn
eftir Rúnar Rúnarsson
Vín hússins
eftir Örn Marinó Arnarson og Þorkel Harðarson

LEIKIÐ SJÓNVARPSEFNI ÁRSINS:
And Björk of Course
eftir Lárus Ými Óskarsson
Mynd fyrir afa
eftir Tinnu Gunnlaugsdóttur
Njálssaga
eftir Björn Brynjúlf Björnsson

TÓNLISTARMYNDBAND ÁRSINS:
Sögustelpan (Dúkkulísur)
Leikstjórar: Gunnar B. Guðmundsson og Stefán Benedikt Vilhelmsson
Stop in the name of love (Bang Gang)
Leikstjóri: Ragnar Bragason
Just a little bit (María Mena)
Leikstjóri: Ragnar Agnarsson

HEIÐURSVERÐLAUN ÍKSA 2004:
Páll Steingrímsson
kvikmyndagerðarmaður
fyrir langan og farsælan feril á sviði heimildarmynda, með sérstaka áherslu á náttúru og umhverfi

VINSÆLASTI SJÓNVARPSMAÐUR ÁRSINS:
Kosið verður um fimm efstu úr skoðanakönnun Gallup og netkosningu á Vísi.is í símakosningu í beinni útsendingu á Edduhátíðinni.

L&S no 41 5.11.2004 14:07 Page 10



Gerard Butler er Bjólfur í Bjólfskviðu eftir Sturlu Gunnarsson.

BÍÓ

BJÓLFSKVIÐA

HVAÐ?
Byggt á samnefndu hetjuljóði sem til er í handriti frá 12. öld. Bardagakappinn Bjólfur er ráðinn af Hróðgari konungi til að vega manntröllið Grendel sem herjar á ríki hans. Á bardagahetjuna renna tvær grímur þegar honum verður ljóst að Grendel hefur verið beittur miklum rangindum af Hróðgari.

HVERJIR?
Sturla Gunnarsson leikstýrir, Andrew Rai Berzins skrifar handrit, Paul Stephens, Eric Jordan, Sturla, Friðrik Þór Friðriksson og Anna María Karlsdóttir framleiða. Með helstu hlutverk fara Gerard Butler, Stellan Skarsgård, Ingvar E. Sigurðsson og Sarah Polley.

HVENÆR?
Áætluð frumsýning í Cannes í vor.

SJÓNVARP

LATIBÆR

HVAÐ?
Sjónvarpsþættirnir um fólkið í Latabæ, með íþróttaálfinum, Glanna glæp, Sollu stirðu, Sigga sæta og fleirum, hafa gert það gott vestanhafs og eru nú væntanlegir í Sjónvarpið.

HVERJIR?
Magnús Scheving er heilinn á bakvið þetta allt saman og leikstýrir þáttunum ásamt Raymond P. Le Gué sem einnig er framleiðandi þeirra. Þættirnir eru skrifaðir af Noah Zachary og Cole Louie. Snorri Freyr Hilmarsson gerir leikmynd og Máni Svavarsson sér um tónlist. Með helstu hlutverk fara Magnús Scheving, Julianna Rose Mauriello og Stefán Karl Stefánsson.

HVENÆR?
Áætlað er að sýningar hefjist í Sjónvarpinu uppúr áramótum.



L&S no 41 5.11.2004 14:07 Page 11



SJÓNVARP

REYKJAVÍKUR-NÆTUR

HVAÐ?
"Sex and the City mætir 101 Reykjavík": Sex þátta röð um ungt fólk í Reykjavík, systkinin Ara og Systu og vini þeira, þau Dóru og Halla. Þau eru afar ólík innbyrðis, en öll virk í næturlífi borgarinnar.

HVERJIR?
Agnar Jón Egilsson leikstýrir og skrifar handrit. Baltasar Kormákur framleiðir fyrir Sögn. Með helstu hlutverk fara Björn Hlynur Haraldsson, Inga María Valdimarsdóttir, Þórunn Erna Clausen og Víkingur Kristjánsson

HVENÆR?
Sýningar á þáttunum hefjast á Stöð 2 í febrúar 2005.



BÍÓ

STRÁKARNIR OKKAR

HVAÐ?
Óttar Þór er aðalstjarnan í KR, en veldur miklu írafári þegar hann játar fyrir liðsmönnum sínum að hann sé hommi. Í framhaldinu gengur hann til liðs við áhugamannafélag homma sem vilja spila fótbolta í veröld þar sem allt snýst um karlmennsku og testósteron.

HVERJIR?
Róbert Douglas leikstýrir og skrifar handrit ásamt Jóni Atla Jónassyni. Júlíus Kemp og Ingvar Þórðarson framleiða fyrir Kvikmyndafélag Íslands. Með helstu hlutverk fara Björn Hlynur Haraldsson, Helgi Björnsson, Lilja Nótt, Arnmundur Ernst og Maríus Sverrisson.

HVENÆR?
Frumsýning á Íslandi er fyrirhuguð sumarið 2005.

L&S no 41 5.11.2004 14:08 Page 12



Stuðmenn eru mættir aftur til leiks og nú Í takt við tímann í leikstjórn Ágústs Guðmundssonar.


BÍÓ

Í TAKT VIÐ TÍMANN

HVAÐ?
Hljómsveit sem lagði upp laupana fyrir tuttugu árum og þótti fremur gamaldags þá sér ástæðu til að koma saman á ný. Haldgóð rök eru fyrir von um glæsta framtíð, en vofur fortíðarinnar banka upp á í líki einstæðrar móður og glaðsinna rótara.

HVERJIR?
Ágúst Guðmundsson er leikstjóri og hefur umsjón með handritsgerð. Jakob Magnússon framleiðir ásamt Ágústi fyrir kvikmyndafélagið Bjarmaland. Með helstu hlutverk fara Egill Ólafsson, Ragnhildur Gísladóttir og Eggert Þorleifsson.

HVENÆR?
Frumsýnd um jólin 2004.



Ljósmyndina tók Henrik Rasmussen

BÍÓ

VOKSNE MENNESKER

HVAÐ?
Daníel lifir bóhemsku lífi í Köben, á stöðugum flótta undan stöðumælasektum, ógreiddum reikningum og laganna vörðum Lífið er ljúft og áhyggjulaust þar til hann kynnist stúlku sem er jafn ábyrgðarlaus og hann. Málin flækjast þegar í ljós kemur að besti vinur Daníels er bálskotinn í henni líka.

HVERJIR?
Dagur Kári leikstýrir og skrifar handrit. Nimbus Film í Danmörku framleiðir. Zik Zak kvikmyndir meðframleiða. Með helstu hlutverk fara Nicolas Bro, Jakob Cedergren, Anders Hove, Nicolaj Kopernikus og Tilly Scott Pedersen.

HVENÆR?
Áætluð frumsýning í apríl 2005.

L&S no 41 5.11.2004 14:08 Page 13

BÍÓ

A LITTLE TRIP TO HEAVEN

HVAÐ?
Abe Holt starfar hjá tryggingafyrirtæki og er sendur til að rannsaka dauðsfall manns sem líftryggður var fyrir himinháa fjárhæð.
HVERJIR?
Baltasar Kormákur leikstýrir og skrifar handrit ásamt Jóni Jónssyni. Sigurjón Sighvatsson og Baltasar Kormákur framleiða fyrir Palomar Pictures og Sögn. Í aðalhlutverkum eru Forest Whitaker, Julia Stiles, Jeremy Renner og Peter Qoyote. Karl Júlíusson gerir leikmynd og Óttar Guðnason sér um kvikmyndatöku.
HVENÆR?
Stefnt er að frumsýningu á Cannes í vor.



Ljósmyndina tók Óttar Guðnason.

Forest Whitaker er Abe Holt í A Little Trip to Heaven eftir Baltasar Kormák.



Hilmir Snær Guðnason í Allir litir hafsins eru kaldir.

SJÓNVARP

ALLIR LITIR HAFSINS ERU KALDIR


HVAÐ?
Lögmaður síbrotamanns sem grunaður er um morð hrífst af systur brotamannsins en fer að gruna að ef til vill eigi hún einhvern hlut að máli.
HVERJIR?
Myndin er framleidd af Ax ehf. Handritshöfundur og leikstjóri er Anna Th. Rögnvaldsdóttir, framleiðandi Ólafur Rögnvaldsson og meðframleiðandi Friðrik Þór Friðriksson.
HVENÆR?
Frumsýning í janúar í Sjónvarpinu.



BÍÓ

GARGANDI SNILLD

HVAÐ?
Heimildarmynd í fullri lengd um íslensku tónlistarsenuna. Fram koma m.a. Sigur Rós, Björk, Hilmar Örn og fjölmargir aðrir listamenn.
HVERJIR?
Stjórnandi er Ari Alexander Ergis Magnússon, sem einnig framleiðir ásamt Sigurjóni Sighvatssyni (Palomar Pictures og Ergis kvikmyndaframleiðsla). Handrit eftir Ara Alexander, Jón Proppé og Þór Eldon. Bergsteinn Björgúlfsson kvikmyndar, Sigvaldi Kárason og Jón Yngvi Gylfason klippa, Kjartan Kjartansson sér um hljóðhönnun.
HVENÆR?
Áætluð frumsýning 1. janúar 2005.



Jeremy Sisto í Einn komma núll.

BÍÓ

EINN KOMMA NÚLL

HVAÐ?
Forritari heltekin vænisýki og ofskynjunum reynir að átta sig á þeim dularfullu öflum sem náð hafa stjórn á lífi hans.
HVERJIR?
Marteinn Þórsson og Jeff Renfroe leikstýra og skrifa handrit. Framleiðandi er Chris Sievernich fyrir Armada Pictures. Meðframleiðandi er Friðrik Þór Friðriksson. Eggert Ketilsson hannar leikmynd. Með helstu hlutverk fara Jeremy Sisto, Udo Kier, Deborah Kara Unger, Lance Henriksen og Bruce Payne.
HVENÆR?
Frumsýning á Íslandi á næstunni.

L&S no 41 5.11.2004 14:08 Page 14

Eftirtalin fyrirtæki eru í framlínu íslenska kvikmynda- og sjónvarpsgeirans

AX FILMS
Laugavegi 176, 105 Reykjavík
Sími: 561 2181
ax@centrum.is

BaseCamp
Skipholt 50a, 105 Reykjavík
Sími: 561 0610
Fax: 561 0620
www.basecamp.is

CAOZ
Ægisgötu 7
101 Reykjavík
Sími: 511 3550
www.caoz.is

filmus PRODUCTIONS
Grettisgata 87, 105 Reykjavík
Sími: 580 0300
www.filmus.is

Kvikmyndafélag Íslands
Bankastræti 11, 101 Reykjavík
Sími: 562 4615
Fax: 562 4615
www.icelandicfilmcompany.com

TWILIGHT
LJÓSASKIPTI
Melgerði 2,200 Kópavogur
Sími: 567-9300 Fax: 567-9303
www.twilight.is

NNW
Norðnorðvestur kvikmyndagerð ehf.
Viðarhöfða 6, 1110 Reykjavík
Sími: 567 9200 Fax: 567 9201
hilldur@nnw.is

PEGASUS PICTURES
Sóltún 24,105 Reykjavík
Sími: 511 4590 Fax: 511 4595
www.pegasus.is

POPPOLI
Kirkjutorgi 6a, 101 Reykjavík
Sími: 897 3382
www.poppoli.com

POST
Starmýri 2,108 Reykjavik
Sími: 5884820
www.postp.is

sagafilm
Laugavegur 176,
105 Reykjavík
Sími: 515 4600
Fax: 581 4802
www.sagafilm.is

Seylan
Laufásvegur 54, 101 Reykjavík
Sími: 562 2180
Fax: 562 2182
www.seylan.is

SPARK
Brautarholt 8
105 Reykjavík
Sími: 562 6660
Fax: 562 6665
www.spark.is


storm
Vesturgötu 10a
101 Reykjavík
Sími: 511 2333
Fax: 511 2334
www.storm.is

UPPTEKIÐ
MYND & HLJÓÐ
Birkihlíð 22
105 Reykjavík
Sími 588 0741
www.upptekid.is

uss!
Síðumúla 12,108 Reykjavík
Sími: 588 8070
www.this.is/uss

ZIK ZAK
Hverfisgata 14a, 101 Reykjavík
Sími: 511 2019
www.zikzak.is

peir tveir
KVIKMYNDAGERÐ
Garðastræti 37, 101 Reykjavík
Sími: 595-3660
www.t2.is


BINGO
Sunnudagskvöld kl. 20:00
Filmi/SIA

L&S no 41 5.11.2004 14:08 Page 16



Fagtækjasýning Nýherja

12. - 13. nóvember

LJÓSVAKA- OG KVIKMYNDABÚNAÐUR

Stærsta tækjasýningin fyrir ljósvaka- og kvikmyndaiðnaðinn á Íslandi

Nýherji mun þann **12.–13. nóvember** standa fyrir sýningu á ýmsum nýjungum frá mörgum af fremstu framleiðendum heims á sviði ljósvaka- og kvikmyndabúnaðar, sbr. **Sony, Panasonic, Avid, Miranda og Genelec.** Um er að ræða stærstu tækjasýningu af þessu tagi á Íslandi þar sem vörur frá hátt í 20 framleiðendum verða kynntar. Þetta er því viðburður sem þú mátt ekki missa af!

Sýningin verður haldin í gamla Sjónvarpshúsinu að Laugavegi 176 og opnar kl. 12:00 báða dagana.

Á sýningunni munu fulltrúar frá Sony m.a. kynna hina byltingarkenndu **XDCAM** upptökuvél en hún nýtir mjög framúrstefnulega tækni til upptöku og geymslu á stafrænu efni. Sony mun einnig kynna **HDV** upptökuvélina sem er fyrsta netta og hagkvæma vélin sem býr yfir öflugri háskerputækni (HD).

Þá mun Genelec kynna nýju **8000 series** hátalarana sem MIX Magazine kallaði einhverja veigamestu breytingu á hátölurum frá upphafi.

Á meðal annarra sýnenda verða Network Electronic sem mun kynna nýja línu af „routerum", „convertum" og ljósleiðarasamböndum fyrir mynddreifingu.



Á meðal sýnenda eru:

Avid	Canon
Genelec	Kata
Network Electronics	Primera
Century Optics	Data Video
Hamlet	Miller
Panasonic	Sony
Miranda	

NÝHERJI

SONY GENELEC Panasonic Canon

Nýherji hf. · Borgartúni 37 · 105 Reykjavík · Sími 569 7700 · www.nyherji.is

NÝHERJI / 193